



FRÓÐI

Október 2015

Fréttabréf Ingunnarskóla


Skólastarfið fer vel af stað og mæta nemendur glaðir og áhugasamir til starfa. Það er gaman að fylgjast með nemendum skólans að störfum og sjá hvað þeir eru almennt áhugasamir og metnaðarfullir. Við erum virkilega stolt af hópnum okkar. Í vetur eru kennarar skólans að leggja lokahönd á vinnu við að innleiða nýja aðalnámskrá með því að endurskrifa skólanámskrána út frá áherslum aðalnámskrár. Nú er lögð aukin áhersla á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og áhersla á að nemandinn geti aflað sér þekkingar og nýtt hana í fjölbreyttu samhengi. Þessar áherslur eru í samræmi við breytt samfélag, nú er veruleikinn þannig að við getum sótt okkur allar þær upplýsingar sem við þurfum. Það er ekki sama þörf og áður var að kunna hlutina utanbókar en meiri áhersla á að vera skapandi í því að leita lausna og kunna að nýta þekkinguna til gagns. Nánari upplýsingar um nýja aðalnámskrá má skoða á vef ráðuneytisins:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Við viljum einnig benda foreldrum og nemendum á unglíngastigi á umræðu og fræðslufund um nýtt námsmat í elstu bekkjum grunnskóla sem fer fram í Þróttarheimilinu fimmtudaginn 12. nóv. kl. 19:30-22:00 á vegum Samfok. Þess má geta að tveir nemendur úr 10. bekk Ingunnarskóla verða með erindi og taka þátt í pallborði.

Í skólanum ætlum við að halda áfram að þróa kennsluhættina með það að leiðarljósi að mæta stöðugt betur þörfum nemenda og skapa vinnuumhverfi þar sem öllum getur liðið vel. Áhersla verður einnig áfram á að efla góð samskipti og tengsl nemenda en það gerum við með því að skipuleggja starfið þannig að nemendur vinna saman í mismunandi hópum bæði innan hvers árgangs og í blönduðum hópum.

Við hlökkum til að vinna með ykkur að metnaðarfullu skólastarfi í vetur og hvetjum ykkur til að hafa samband við okkur til að ræða starfið og líðan barnanna. Við minnum einnig á kaffispjallið með stjórnendum sem er framundan eða í annarri vikunni í nóvember og vonumst til að hitta ykkur sem flest í spjallinu.



Glaðheimar 1. bekkur

Fyrsti bekkur lagði land undir fót eða rútu undir rass og skelltu sér í Hörpuna að horfa á Maximús og var það hin besta skemmtun. Mikið hefur gengið á í skólanum hjá okkur þar sem nemendur hamast við að læra eitt og annað sem kemur þeim vel í skólagöngu þeirra. Þemað Land og þjóð er hafið og munu nemendur vinna mörg verkefni sem tengjast landinu okkar og íbúum þess.



Álfheimar 2.-3. bekkur

Í byrjun skólaárs gerðu börnin í 2.-3. bekk bekkjarsáttmála. Nemendum var skipt upp í hópa þar sem miklar umræður áttu sér stað og margar góðar hugmyndir komu fram um hvaða gildi þeir vildu hafa að leiðarljósi í bekknum sínum í vetur. Nemendur veltu meðal annars fyrir sér hvers vegna reglur eru nauðsynlegar í skólanum okkar sem og annars staðar í samfélaginu.

Af þeim hugmyndum sem komu fram kusu nemendur þrjú gildi sem þeir töldu mikilvægust. Í ML bekknum vilja allir vera vinir, hjálpsamir og jákvæðir og í ÞB bekknum vilja allir vera hjálpsamir, vinir og ábyrgir. Báðir bekkirnir bjuggu til sameiginlegt veggspjald sem táknar bekkjarsáttmálana.



Í myndlist hafa nemendur í 3. bekk verið að skoða og teikna fugla í tengslum við Fuglavíku í Reykjavík og búa til kóngulær í textíl.



8. bekkur lærir um mannslíkamann

Í 8. bekk hafa nemendur verið að lesa um mannslíkamann og öndunarfærin. Þau fengu að kryfja svínslungu og skoða. Þó mörgum hafi þótt lungun illa lyktandi og ljót var verkefnið heldur betur fræðandi og skemmtilegt. Margir fengu að prófa að blása lofti í lungun með slöngu og þótti mjög merkilegt að sjá. Síðar fá krakkarnir að kryfja hjörtu. Myndirnar tala sinu máli.



Rósaballið

Fimmtudaginn 8. október síðastliðin var Rósaball Ingunnarskóla haldið í unglíngadeildinni. Um árlegan viðburð er að ræða þar sem nemendur í 10. bekk bjóða nemendur í 8. bekk velkomna í félagslíf skólans. Nemendur í 10. bekk fengu nafn nemenda í 8. bekk sem þeim var falið að færa rós og koma samferða á ballið.

Ballið gekk mjög vel fyrir sig og eiga nemendur í 10. bekk sérstaklega hrós skilið fyrir þá miklu vinnu sem þeir lögðu í skipulag ballsins og skreytingu á sal. Auk þess varð ballið miklu mun skemmtilegra vegna þess góða anda sem var í 10. bekk og hversu mikið þeir voru til í að leggja á sig til að bjóða 8. bekkina velkomna í unglíngadeildina.



Tankadagurinn

Föstudaginn 16. október var Tankadagurinn haldinn hátíðlegur. Byrjað var á samveru klukkan níu þar sem Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar ræddi meðal annars um tankana og hlutverk þeirra. Nemendum hafði verið skipt í aldursblandaða hópa sem fóru á milli stöðva þar sem boðið var upp á alls kyns skemmtileg verkefni eins og fuglakit, afróðans, tankafaðmlög, bingó, spurningakeppni, byggja tanka og hermileiki. Nemendur í 10. bekk aðstoðuðu á stöðvum og stóðu sig mjög vel. Hápunktur dagsins var kökukeppnin sem nemendur í 6.-10. bekk gátu tekið þátt í og bárust margar flottar og girnilegar kökur og átti dómnefndin mjög erfitt með að velja þrjár bestu kökurnar. Að lokum var boðið upp á pylsur og safa og allir fóru glaðir heim.



Goðheimar 6.-7. bekkur

Í Goðheimum er ávallt nóg að gera. Á haustin eru það samræmdu prófin hjá 7. bekk, bólusetningar og mælingar. Eins fengum við hina árlegu heimsókn frá bónda þar sem nemendur eyddu hálfum degi með bónda og tóku þátt í umræðum um náttúruna, umhverfisvernd og lífið í sveitinni.

7. bekkur bauð svo 6. bekk velkominn á svæðið með kaffiboði sem tókst með eindæmum vel og er hefð sem vonandi er komin til að vera. Það er aldeilis góð leið til að byrja samstarfið í upphafi vetrar.

Við höfum þegar lokið fyrsta þema ársins um líkama mannsins, hug og heilsu. Nemendur unnu í hópum að kynningu sem þau fluttu svo fyrir bekkinn með prýði. Næsta þema okkar er Benjamín dúfa og verða unnin margvísleg verkefni tengd persónum og söguþræði bókarinnar.

Handan við hornið bíða okkar mörg og fjölbreytt verkefni. Má þar nefna *jól í skókassa* sem við tókum fyrst þátt í í fyrra og munum gera aftur í ár í stað pakkaleikjar á litlu jólum skólans. Það verkefni gaf hópnum mikla gleði í fyrra og festist það betur í sessi að það er svo sannarlega sælla að gefa en þiggja.



Myndlistaval

Nemendur í myndlistarvali hafa verið iðnir við að móta leirhousa en það er stórt og erfitt verkefni.




Hulduheimar 4.-5. bekkur

Í haust hafa nemendur í 4.-5. bekk unnið með Landnám Íslands í þema. Þau hafa til dæmis lært hvaðan landnámsmennirnir komu, af hverju þeir komu hingað, hvað þeir höfðu með sér, hverjir helstu landnámsmennirnir voru og hvar þeir námu land. Þetta hefur verið mjög skemmtileg vinna og margt brallað. Sem dæmi bjuggu nemendur til landnámsmennina (dúkkulísur) og skipin þeirra (knerri). Einnig fórum við í heimsókn á Þjóðminjasafnið þar sem við fengum fyrirlestur og sáum allskonar muni frá landnámsöld.

Í margmiðlun unnu nemendur líka með landnámið og gerðu stuttmyndir. Börnin sömdu handrit og ákváðu hvaða persónu þau léku. Stuttmyndin var tekin úti en einnig var notað Green Screen forrit í iPad. Mynd og hljóðvinnsla var síðan unnin í Movie Maker. Í textíl bjuggu þau svo til pyngjur með víkingamunstri og hálsmen með spádómsrúnum.

Nemendur eru einnig á fullu í lestrarspretti og ber hann svip af þemanu þannig að þegar nemendur ljúka við að lesa bók lita þeir landnámsskip, klippa út og festa á gluggann. Í lok lestrarsprettisins verður glugginn fullur af litlum landnámsskipum á leið frá Noregi til Íslands.



Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember en undanfarin ár hafa Íslendingar haldið þann dag hátíðlegan í því skyni að leggja sérstaka rækt við íslenska tungu. Þessi dagur var valinn því hann er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, sem var eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar. Í tilefni þessa dags munu nemendur Ingunnarskóla koma saman á sal föstudaginn 20. nóvember og halda daginn hátíðlegan. Undanfarin ár hefur farið fram ljóða- og smásagnsamkeppni meðal nemenda í tilefni dagsins og munum við halda því áfram í ár. Undirbúningur er að hefjast en veitt verða verðlaun fyrir besta ljóðið eða smásöguna á sal þennan dag.



Réttarhöld í 10. bekk

Nú um miðjan október vann 10. bekkur að verkefni í samstarfi íslensku og náttúrufræði. Viðfangsefnið var „erfðabreytt matvæli“ og þurftu nemendur að afla sér góðra heimilda um efnið og vinna úr. Unnið var að verkefninu í öllum tímum þessara tveggja faggreina auk læsistíma í eina viku.

Nemendum var skipt í sex manna hópa og áttu þeir að vinna að máli til flutnings í réttarsal.

Sá helmingur hópanna sem ákærður var, stóð fyrir matvælaframleiðanda erfðabreyttra matvæla en þeir hópar sem sóttu málin stóðu þá fyrir einhvern sem taldi sig hafa orðið fyrir skaða af því að neyta matvæla úr framleiðslu þessara framleiðenda.

Nemendur unnu með eindæmum vel þessa vinnu og lögðu mikinn metnað í hana. Í réttarhöldunum sjálfum áttu margir stórleik og höfum við eflaust fengið að sjá einhverja tilvonandi málflytningmenn þar að störfum.



Vetrarkoma

Við viljum vekja athygli á því að næstkomandi laugardag er fyrst vetrardagur og af því tilefni bendum við á að nú er ekki leyfilegt að koma á hjólabrettum, hlaupahjólum og línuskautum í skólann.

Á þessum árstíma er meiri slyshætta af þessum farartækjum vegna myrkurs og hálfu auk þess sem engin aðstaða er í skólanum til að geyma slík farartæki. Einnig hvetjum við til notkunar á hjálmum og ljósum þegar börn koma á hjólum í skólann og auðvitað þurfa allir að vera með endurskinsmerki.



Mynd af www.stjornufræði.is



Morgunkaffisþjall

Í vetur verður foreldrum Ingunnarskóla boðið reglulega í morgunkaffisþjall með stjórnendum. Áhersla verður lögð á að fólk hafi tök á að ræða skólastarfið á frjálsligan hátt og viljum við eindregið hvetja foreldra til að gefa sér tíma til að mæta á þessa fundi með okkur. Nú stýttist í fyrsta þjallið sem verður 9. nóvember hjá 1. bekk, 10. nóv. hjá 2.-3. bekk, 11. nóv. hjá 4.-5. bekk, 12. nóv. hjá 6.-7. bekk og að lokum 15. nóv. hjá 8.-10. bekk. Þjallið byrjar kl. 8:15 og er til 9:00. Kaffisþjallið verður svo endurtekið vikuna 7.-11. mars. Allar þessar upplýsingar er einnig að finna á skóla- og viðburðadagatali vetrarins á heimasíðu skólans.

Foreldrar eru alltaf velkomnir á samveru sem er á hverjum föstudegi klukkan 9:00 -9:30. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann en það er góð regla að gera boð á undan sér við umsjónarkennara til kanna hvernig staðan er. Minnum á nýja stefnu um foreldrasamstarf á heimasíðu skólans.

Skólaráð Ingunnarskóla

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Í skólaráði sitja fulltrúar foreldra, kennara, nemenda, stjórnenda, samfélagsins og starfsmanna. Foreldrar og nemendur geta leitað til sinna fulltrúa með mál sem varða skólastarfið. Fundargerðir eru settar á heimasíðu skólans og þar eru einnig netföng fulltúa.

Fulltrúar 2015-2016

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri

Anna Raket Aðalsteinsdóttir, kennari

Haraldur Þorvarðarson, kennari

Bryndís Erla Sigurðardóttir, foreldri

Hákon Stefánsson, foreldri

Valborg Sigrún Jónsdóttir, fulltrúi samfélagsins

Nemendafélag

Í haust var kosið í stjórn nemendafélags unglिंगadeildar og hlutu eftirtaldir nemendur kosningu.

Ástvaldur Ari Guðmundsson fyrir 8.TS

Auður Gréta Þórisdóttir fyrir 8.ÞA

Sólrún Birta Ragnarsdóttir fyrir 9.GG

Katrín Sól Gunnarsdóttir fyrir 9.HD

Máni Kolbeinsson fyrir 10.BÓ

Andri Hrafn Þorvaldsson fyrir 10.SK

Ingunnarskóli

Mariubaugi 1

113 Reykjavík

www.ingunnarskoli.is

Sími: 411 7828

Fax: 411 7838

Netfang:

ingunnarskoli@reykjavik.is